



Hreppsnefnd 15.12.2005

Hreppsnefnd 15.12.05

**Hreppsnefndarfundur fimmtudaginn 15. des. 2005
kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði.**

Mætt til fundar: Aðalbjörn Björnsson, Emil Sigurjónsson, Bragi Vagnsson, Borghildur Sverrisdóttir, Björn Heiðar Sigurbjörnsson, Steindór Sveinsson og Ólafur B. Valgeirsson.

Einnig mættir: Þorsteinn Steinsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 1. des. sl.

Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 1. des. sl. Sveitarstjóri kvaddi sér hljóðs undir 4. tl. og gerði grein fyrir því að við afgreiðslu málsins hefði klárlega verið átt við að auglýsa leiðirnar til útboðs. Bókun breytt til samræmis við það. Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða.

2. mál. Fundargerð félagsmálanefndar frá 1. des. sl.

Fundargerð félagsmálanefndar frá 1. des. sl. lögð fram til kynningar.

3. mál. Endurskoðun fjárhagsáætlunar fyrirtækja og stofnanna Vopnfjarðarhrepps 2005.

-síðari umræða-

Sveitarstjóri gerði grein fyrir fyrirbyggjandi breytingatillögum við fjárhagsáætlun 2005, sem lagðar eru fram til síðari umræðu. Greindi hann frá breytingum í hinum mismunandi málaflokkum til hækkunar og lækkunar útgjalda, en í heild hækka útgjöld um 8.017 þús. kr. Fjárfestingar- og fjármögnunarhreyfingar breytast því til samræmis við það. Nokkur umræða átti sér stað um fyrirbyggjandi breytingartillögu. Tillagan síðan samþykkt samhljóða.

4. mál. Fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps, fyrirtækja og stofnanna.

-fyrri umræða-

Oddviti vék að vinnuferlinu í upphafi umræðunnar; í janúarbyrjun verði vinnufundur milli umræðna með þátttöku allra hreppsnefndarmanna og áætlunin síðan lögð fyrir fund um miðjan janúar til endanlegrar samþykktar við síðari umræðu.

Sveitarstjóri lagði fram frumvarp að fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps, stofnana og fyrirtækja fyrir árið 2006. Gerði hann grein fyrir rekstraryfirliti hinna mismunandi sjóða sveitarfélagsins, sem í heild eru 12 talsins í A- og B hluta. Jafnframt gerði hann grein fyrir yfirliti um sjóðstreymi sjóðanna og samstæðunnar í heild sinni.

Í sjóðstreymi samstæðunnar kemur fram að handbært fé frá rekstri er 30.513 þús. kr. Fjárfestingar nettó eru áætlaðar 70.308 þús. kr., áætlað er að breyting á eignarhlutum gefi 38.000 þús. í tekjur, birgðabreytingar og framlög 7.500 þús. Þá er gert ráð fyrir að greiða niður lán um 90.000 þús. kr., en móti eru tekin ný lán að sömu fjárhæð eða 90.100 þús.kr. Að þessu töldu hækkar handbært fé um 3.305 þús. kr.

Að því búnu lagði sveitarstjóri til að fyrirbyggjandi áætlunum yrði vísað til síðari umræðu í hreppsnefnd.

Töluverð umræða átti sér stað um fyrirbyggjandi gögn og svaraði sveitarstjóri framkomnum fyrirspurnum.

Að umræðu lokinni var fyrirbyggjandi drögum að fjárhagsáætlun vísað til síðari umræðu hreppsnefnd.

5. mál. Álagningarreglur fasteignagjalda fyrir árið 2006, sorphirðugjald og heimild til handa sveitarstjóra.

Sveitarstjóri lagði fram svofelldar tillögur um álagningu fasteignagjalda fyrir árið 2006, ásamt tillögu um sorpeyðingargjald og heimild til handa sveitarstjóra um heimild til að inna af hendi nauðsynlegar greiðslur:

I. "Hreppsnefnd Vopnafjarðar samþykkir að fasteignagjöld fyrir árið 2006 verði lögð á sem hér segir:

a) Fasteignaskattur á:

- 1) Íbúðarhúsnæði og bújarðir. 0,4 % af heildarfasteignamati*
- 2) Atvinnuhúsnæði og annað húsnæði. 1,65 % af heildarfasteignamati*

b) Vatnsgjald og holræsagjald:

- 1. Vatnsgjald nemi 0,28 % af fasteignamati húss.*

Aukavatnsgjald skv. mæli verði kr. 18 fyrir hvern rúmmetra vatns.

- 2. Holræsagjald nemi 0,15 % af heildarfasteignamati.*

c) Lóðarleiga

Lóðarleiga verði 2,0 % af fasteignamati allra lóða á Vopnafirði.

Gjald dagar fasteignagjalda 2006 verði 1. feb, 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí, 1. ágúst og 1. september. Eindagi verði 30 dögum síðar.

Athugið! Ef fjárhæðir til innheimtu eru lágar er þeim ekki dreift á átta gjaldaga, heldur færri.

Hreppsnefnd heimilar með stoð í 4. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga að fella niður fasteignaskatt elli- og örorkulífeyrisþega af eigin íbúð á eftirfarandi hátt. Niðurfelling fasteignaskatts skal vera tekjutengd. Tekjuviðmiðun eru árstekjur 2005 skv. skattframtali 2006:

a) Einstaklingar

Brúttótekjur 2005 allt að kr. 1.608.980 100% niðurfelling

Brúttótekjur 2005 allt að kr. 2.229.219 50% niðurfelling

b) Hjón:

Brúttótekjur 2005 allt að kr. 2.384.547 100 % niðurfelling

Brúttótekjur 2005 allt að kr. 2.656.638 50 % niðurfelling

Við fráfall maka eða sambýlings skal fasteignaskattur af íbúðarhúsnæði, sem fjölskylda hins látna (hinnar látnu) á og býr í felldur niður að fullu fyrsta árið en að hálfu annað árið eftir fráfall.

Búi fullvinnandi einstaklingur (eða hjón) inni á heimili ellilífeyrisþega, fellur fasteignaskattur ekki niður.

Hafi veruleg tekjulækkun orðið hjá ellilífeyrisþega milli áranna 2005 og 2006 hefur hreppsnefnd heimild til að taka tillit til þess við niðurfellingu fasteignaskatts, berist umsókn um slíkt.

Sömu reglur skulu gilda um niðurfellingu fasteignaskatts hjá öryrkjum með fulla örorku.

Falli aðstæður ekki undir þær reglur sem að framan greinir skal hreppsnefnd ákveða um lækkun eða niðurfellingu."

II. Hreppsnefnd Vopnafjarðar samþykkir á grundvelli laga nr. 81./ 1988 IV. kafla 22. gr., að leggja á sérstakt sorphirðu og sorpeyðingargjald á hverja íbúð á Vopnafirði á árinu 2006. Gjaldið skal vera kr. 8.400 á íbúð. Sorphirðugjöld fyrirtækja hækki um sama hundraðshluta. Innheimta skal gjaldið með fasteignagjöldum og eru gjalddagar þeir sömu.

III. Tillaga um heimild sveitarstjóra til að inna af hendi nauðsynlegar greiðslur: Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir að heimila sveitarstjóra að inna af hendi nauðsynlegar greiðslur úr sveitarsjóði á árinu 2006 meðan fjárhagsáætlun ársins hefur ekki verið samþykkt.

Tillögur I og II voru bornar upp saman og samþykktar samhljóða.

Tillaga III um heimild til handa sveitarstjóra var borin upp sérstakalega og var hún einning samþykkt samhljóða.

6. mál. Sala hlutabréfa/lántaka.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir því að samkvæmt fjárhagsáætlun ársins 2005 hefði verið gert ráð fyrir því að selja hluta af hlutabréfum sveitarfélagsins í HB Granda til þess að greiða kostnað við ýmsar fjárfestingar sem sveitarfélagið hefur unnið að á árinu og til þess að greiða niður óheppileg lán sem sveitarfélagið hefur þurft að taka.

Síðan var lögð fram svofelld tillaga:

“Hreppsnefnd samþykkir að fela sveitarstjóra að ganga frá sölu á hluta þeirra hlutabréfa sem sveitarfélagið á í útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækinu HB Granda h/f. Heimilt er sveitarstjóra að ganga frá sölu á hlutabréfum í fyrirtækinu allt að 10.000 þús. kr. að nafnvirði enda sé gengið viðunandi. Gangi sala þessi ekki eftir fyrir áramót hefur sveitarstjóri fulla heimild til þess að ganga frá sambærilegri fjárhæð með lánafyrirgreiðslu, reynist það nauðsynlegt.”

Allmiklar umræður urðu um fyrirliggjandi tillögu.

Tillagan var síðan borin upp og samþykkt samhljóða.

7. Drög að nýrri samþykkt um gatnagerðargjöld, byggingarleyfisgjöld, stofngjald holræsa og vatnsveitu og þjónustugjalda hjá Vopnafjarðarhreppi.

-Fyrri umræða-

Lögð fram drög að nýjum samþykktum um gatnagerðar, byggingarleyfis, holræsa og vatnsveitugjalda fyrir Vopnafjarðarhrepp.

Sveitarstjóri gerði grein fyri fyrirliggjandi drögum að samþykkt og lagði meðal annars fram útreikninga gatnagerðargjalda miðað við mismunandi húsgerðir.

Lagði hann síðan til að fyrirliggjandi samþykktum yrði vísað til síðari umræðu í hreppsnefnd.

Allmiklar umræður urðu um fyrirliggjandi samþykktir og lýstu fundarmenn almennt yfir ánægju með þessa vinnu.

Tillaga sveitarstjóra um að vísa samþykktunum til síðari umræðu í hreppsnefnd var síðan samþykkt samhljóða.

8. mál. Snjómokstur frá Egilsstöðum til Akureyrar um fjöllin og niður til Vopnafjarðar.

Lögð fram bréfasamskipti sveitarstjóra og vegamálastjóra varðandi snjómokstur frá Egilsstöðum um fjöllin til Akureyrar og jafnframt niður til Vopnafjarðar, þar sem Vopnafjarðarhreppur fer þess á leit að þessi leið verði mokuð alla daga vikunnar, sé þess þörf eins og gert er á öðrum sambærilegum leiðum á Austurlandi og annarsstaðar á landinu.

Hreppsnefnd ítrekar mikilvægi þess að ákvörðun verði nú þegar tekin um það að moka alla daga. Í því sambandi er sveitarstjóra falið að rita samgönguráðherra og þingmönnum kjördæmisins bréf þar sem þessi sjálfsagða krafa er ítrekuð.

Sveitarstjóra falið að koma ályktun þessari á framfæri við samgönguráðherra og þingmenn kjördæmisins.

9. mál. Ýmis mál og fundargerðir

a) Fundargerð heilbrigðiseftirlits Austurlands frá 30. nóv. sl.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 18.20.